

Minnisblað

Dagsetning: 28.11.2023
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2023 – Glymur

Glymur er næsthæsti foss Íslands og er því vinsæll ferðamannastaður. Sökum þess og jarðminja svæðisins hefur Glymur verið settur á C-hluta náttúru-minjagrár en C-hlutinn er skrá yfir þær náttúru-minjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Glymur er hæsti foss landsins (utan jökla), umlukinn djúpum og þröngum gljúfrum, og með vaxandi umferð ferðamanna er aukin hættu á traðki á börmum gljúfursins. Fossinn er staðsettur í Hvalfirði, en mörk náttúruverndarsvæðisins miðast við Glymsgil sem er um 1000 metra langt og jaðarsvæði sem nær um 200 metra frá miðlínu Botnsár.¹ Í Glymsgili má glögglega sjá hvernig móbergs og basaltlög frá fyrri hluta ísaldar skiptast á. Við topp fossins má sjá hvernig efsta basaltlagið virkar sem fossberi, þar sem fossinn fellur fram af og hefur rofið mýkri móbergslögin fyrir neðan. Botnsá rennur úr Hvalvatni sem myndaðist þegar Hvalfell stíflaði dalinn er það gaus undir jökli á síðasta jökulskeiði fyrir um 12–13 þúsund árum² en Hvalfell er dæmi um eldsumbrot sem orðið hefur í töluvert eldri jarðlagastafla á jaðri gosbeltisins³. Neðst í gilinu má sjá göng eða helli (Þvottahellir) sem rofinn hefur verið í móbergið en sérstaða svæðisins fellst einmitt í því hve góða innsýn það veitir í upphleðslu eldri jarðlaga frá ísöld og hvernig þau hafa svo mótast af roföflunum. Gönguleiðin umhverfis fossinn fer um fjölbreytt vistlendi, m.a. skóglendi, mólendi, graslendi, moslendi, skriður og kletta. Umhverfisstofnun gerir árlega ástandsmat á ferðamannastöðum innan friðlýstra svæða, en árið 2023 var í fyrsta skipti gerð úttekt á Glym. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt fram aðgerðir til verndar á svæðinu, þ.m.t. uppbyggingu innviða og takmörkun umferðar inn í gljúfrið vegna hættu á hruni úr gljúfurveggjunum.¹

Framkvæmd

Glymur var heimsóttur þann 13. júní 2023 af starfsfólki Náttúrustofu Suðvesturlands. Gengið var frá bílastæði sem er innarlega í Botnsdal í átt að Botnsá þar sem gönguleiðir liggja upp meðfram báðum gljúfurbörmunum. Gengið var upp austan megin við gljúfrið, ofan við fossinn var áin vaðin og gengið síðan til baka vestan megin við gljúfrið. Mat var lagt á innviði og ástand gróðurs og jarðminja með forritinu FieldMaps. Með forritinu voru skráðir hentistígar og skemmdir á gróðri, jarðminjum og innviðum, auk þess teknar myndir. Tveggja metra löng mælistika var höfð á myndum til viðmiðunar.

Ástandsmat og frumniðurstöður

Bílastæðið við Glym er á fínum malarvegi sem er fólksbílafær og rúmar u.þ.b. 70 bíla. Þegar líður á daginn fer lausum stæðum fækkandi og annar bílastæðið vart eftirspurn þegar fjöldi ferðamanna er í hámarki.

Við upphaf gönguleiðar er skilti með korti sem sýnir gönguleið að útsýnisstöðum við Glym og hvaða leiðir er hægt að velja um. Þegar gengið er af stað má sjá teljara sem var settur upp af Ferðamálastofu árið 2022. Talsverð aukning hefur orðið á ferðamönnum á einungis einu ári, en árið 2022 voru u.þ.b. 35.000 ferðamenn og í nóvember á þessu ári hafa rúmlega 40.000 ferðamenn heimsótt Glym.⁴ Til þess að komast yfir ánnu fyrir neðan fossinn er trjádrumbur og vír sem hægt að halda sér í (1. mynd). Þegar straumurinn í ánni er sterkur þarf að ganga berfættur ofan í ánni áður en að hægt er að stíga á trjádrumbinn, sem er skemmtileg upplifun en gæti hugsanlega valdið slysum.



1. mynd. Trjádrumbur og vír til aðstoðar þegar gengið er yfir Botnsá.

Nýlega er búið að byggja bekkir úr grjóti á eystri gljúfurbarminum þar sem hægt er að sitja og horfa á Glym. Útsýnispallurinn fellur því vel inn í umhverfið líkt og aðrir innviðir á svæðinu, t.d. staurar og reipi sem komið hefur verið við brattar hlíðar. Á nokkrum varasömum stöðum er búið að koma upp skiltum og vegatálum til að koma í veg fyrir umferð utan stíga, en skiltin eru stundum óljós og vegatálmar hafa losnað og færst til (2. mynd). Almennt er lítið um innviði á svæðinu miðað við fjölda gesta, til að mynda eru engin salerni til staðar. Þegar komið er fyrir ofan fossinn er ýmist hægt að snúa við og ganga sömu leið til baka eða vaða yfir ánnu til þess að ganga til baka hinu megin við gilið. Við vaðið er áberandi mikið af hliðarstígum enda er ekki augljóst hvar skal vaða og hvar gönguleiðin tekur við á bakkanum (3. mynd). Áin er frekar grunn en botninn nokkuð sleipur. Hér væri ef til vill hægt að koma í veg fyrir gróðurskemmdir og

draga úr slyshættu með því að koma upp merkingum. Víða á svæðinu eru ferðamenn búnir að stafla steinum í stórar vörður sem hefur breytt ásýnd svæðisins.



2. mynd. Óljóst skilti merkt 'Lokuð leið' (vinstri) og vegatálmur sem hefur losnað og færst til (hægri).



3. mynd. Margir hliðarstígar hafa myndast fyrir ofan fossinn þegar vaðið er yfir Botnsá.

Síðastliðinn vetur varð banaslys við fossinn þar sem ferðamaður rann til í hjarni sem var hulið snjó. Aðstæður á gönguleiðinni geta verið mjög breytilegar eftir árstíðum og tíðarfari. Í vissum tilvikum, þá sér í lagi að vetri til, geta aðstæður verið með þeim hætti að óráðlegt sé að fara um svæðið nema hafa til þess sérhæfðan búnað og þekkingu. Gera má ráð fyrir að margir þeir erlendu ferðamanna sem heimsækja svæðið séu ómeðvitaðir um þessa hættu og er þörf á að grípa til aðgerða til að bæta þar úr. Þó svo að varað sé við hættunni á skilti við bílastæðið er það ef til vill ekki nægjanlega áberandi.

Slóðar á svæðinu eru allbreytilegir. Sums staðar eru áberandi göngustígar sem er auðvelt að ganga um án þess að valda raski á umhverfinu, en á öðrum stöðum er enginn augljós stígur og fólk gengur þar sem því hentar. Því hafa myndast ótal margir hliðarstígar. Á þeim svæðum eru víða gróðurskemmdir, þá aðallega skemmdir á mosa. Einnig hafa myndast hliðarstígar þar sem vatn safnast saman á stígum og göngufólk krækir fyrir aurbleytuna (4. mynd).



4. mynd. Hliðarstígar hafa myndast þar sem göngufólk krækir fyrir aurbleytuna.

Þegar gengið er austan við fossinn eru moslendi, skriður og klettur mest áberandi vistlendin en þegar gengið er vestan við fossinn eru skóglendi, mólendi og graslendi mest áberandi. Við upphaf gönguleiðar er alaskalúpína mjög algeng. Glymur fellur niður í þröngt og djúpt gil og í klettunum þar er mikið fýlavarp, sem og gróður sem er einkennandi fyrir skuggsæla bratta kletta.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Eins og komið hefur fram er lítið um innviði á svæðinu og hafa því lítil áhrif verið á ásýnd þess. Aftur á móti hefur skortur á innviðum aukið gróðurskemmdir og traðk á svæðinu. Hægt væri að stíka gönguleiðir betur og jafnvel setja upp vegatálma til þess að koma í veg fyrir umferð utan stíga og minnka slysa-hættu. Vegna þess fjölda sem heimsækir svæðið væri einnig ráðlegt að stækka bílastæðið og setja upp salernisaðstöðu.

Mikilvægt er að halda áfram að vakta Glym reglulega og fylgjast með framvindu svæðisins vegna þess aukna fólksfjölda sem á leið um svæðið, en svæðið þolir illa núverandi fjölda gesta. Því er lagt til að heimsækja svæðið aftur að 1–2 árum liðnum. Einnig er vert að nefna að alaskalúpínu er aðeins að sjá við upphaf gönguleiðarinnar eins og er, í ljósi þess hve ágeng hún er, er ráðlagt að vakta útbreiðslu hennar og lagt til að reynt verði að uppræta hana meðan þess er kostur.

Heimildir

1. Náttúrufræðistofnun Íslands. 2020. *Glymur*. Náttúrufræðistofnun Íslands.
<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/sudvesturland/glymur>
2. Licciardi, J.M., Kurz, M.D. og Curtice, J.M. 2007. Glacial and volcanic history of Icelandic table mountains from cosmogenic ³He exposure ages. *Quaternary Science Reviews* 26, 1529-1546.
3. Haukur Jóhannesson, Kristján Sæmundsson. 1998. Geological Map of Iceland. 1:500,000, second ed. Icelandic Institute of Natural History, Reykjavík.
4. Ferðamálastofa. 2023. *Talningar á ferðamannastöðum*. Ferðamálastofa.
<https://www.maelabordferdathjonustunnar.is/is/ferdamenn-a-islandi/fjoldi-ferdamanna-a-afangastodum>